

Mosfellsbær
b/t Lára Gunnarsdóttir
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 23. september 2019
UST201909-115/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing á deiliskipulag fyrir frístundasvæði í Miðdal í Mosfellsbæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 11. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Miðdal í Mosfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram tillagan gengur út á að skilgreina 5 misstórar lóðir fyrir frístundahús, áhaldahús, vindmyllur, lagnaleiðir, vegagerð og ræktunarreiti. Meginmarkmið tillögunnar er skv. greinargerð að gera svæðið vistlegt fyrir frístundabyggð, með ræktun og sjálfbærni.

Vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu er dæmigert gróðurlendi sem einkennir svæðið valllendi og svo klappargrjót með holtagróðri. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að vísa í vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>)

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins vistgerðin grasmóavist sem er með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Rask

Þar sem svæðið sem tillagan nær til er tiltölulega óraskað með vistgerðir með hátt verndargildi, leggur Umhverfisstofnun það til að rask á svæðinu verði haldið í lágmarki og við framkvæmdir svo sem vegaf framkvæmdir, göngustígagerð og við uppgröft á húsgrunnum verði gróðurortur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.


Ásýnd

Gert er ráð fyrir því að setja upp allt að þrjár vindmyllur sem eru nánast hljóðlausar og hæð þeirra er um 3.5 metrar frá jörðu og með undirstöðu er hámarkshæð 4 metrar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vindmyllur og allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólþ nr. 798/1999.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur